

Með því að pantast hýsingu hjá **EDAL.NET** gengurðu sjálfkrafa að eftirfarandi skilmálum:

Þessi samningur er á milli edal.net, hér eftir nefndur „þjónustuaðili“ og þín, hér eftir nefndur „notandi“.

A. FRÍUN ÁBYRGÐAR VARÐANDI VEF NOTANDA OG SKILGREINING Á SAMBANDI SAMNINGSADILA

1. Notandi lofar að halda þjónustuaðila óábyrgum gagnvart lögsóknum eða kostnaði, þ.á.m. eigin málskostnaði og kostnaði við vörn vegna mála er upp kunna að koma vegna vefsvæðis hans og innihald þess.

2. Ekkert í þessum samningi skal skilið þannig að þjónustuaðili sé samstarfsaðili, útgefandi eða í ritstjórn varðandi innihald vefsvæðis notanda. Báðir aðilar viðurkenna og samþykkja að þjónustuaðili beri enga ábyrgð á innihaldi vefsvæðis notanda. Eina meðhöndlun þjónustuaðila á vef notanda er tæknilegs eðlis.

3. Notandi lofar að halda þjónustuaðila óábyrgum gagnvart lögsóknum eða kostnaði varðandi lénanöfn (domain names) sem hann notar.

B. GREIÐSLA FYRIR ÞJÓNUSTU OG INNIHALD

1. Notandi samþykkir að greiða þau gjöld sem sett voru fram við skráningu vefhýsingar hans. Áskrift fyrir vefhýsingu skulu greidd fyrirfram fyrir 3 mánuði í senn nema um annað sé samið en gjöld fyrir aðra þjónustu má greiða eftir á samkvæmt nánara samkomulagi.

2. Notandi samþykkir að hafi greiðsla ekki borist innan 15 daga frá dagsetningu reiknings eða fyrir 10. dag hafins hýsingartímabils eftir því sem við á hverju sinni megi þjónustuaðili loka fyrir þjónustuna án frekari fyrirvara þar til reikningar hafa verið gerðir upp. Að öðru leyti gilda landslög og venjur um innheimtu skulda, þ.m.t. varðandi innheimtukostnað og dráttarvexti.

3. Engin önnur þjónusta eða aðstoð er innifalin í mánaðarlegum gjöldum fyrir vefhýsingu. Gert er ráð fyrir að notandi hafi eða afli sér þeirrar þekkingar sem þarf til að stýra sínu vefsvæði og leiti hann aðstoðar þjónustuaðila fellur sú aðstoð undir gjaldskrá þjónustuaðila.

C. HÖFNUN Á ÞJÓNUSTU

Þjónustuaðili áskilur sér rétt til að hafna eða loka fyrir þjónustu án fyrirvara telji hann notanda hafa brotið gegn skilmálum þessum. Notandi hefur í því tilfalli enga kröfu á endurgreiðslu fyrir greidda þjónustu.

D. INNIHALD

1. Þjónustuaðili heldur í heiðri tjáningarfrelsinu. Vefsvæðið fær að halda sér óáreitt svo framarlega sem innihald þess brýtur ekki í bága við landslög svo sem eins og varðandi barnaklám, höfundarrétt eða ærumeiðingar (sjá lög nr. 30/2002 14. gr.). Vitneskja/grunur um að barnaklám sé vistað á vefsvæði mun leiða til umsvifalausrar lokunar á vefsvæðinu og tilkynningar til lögmætra yfirvalda.

2. Notandi er ábyrgur fyrir öllu innihaldi vefsvæða sinna og flutningi gagna til eða frá þeim.

E. NOTKUN ÞJÓNUSTUNNAR

1. Notandi lofar að viðhafa almenna kurteisi við notkun vefsvæðis síns og forðast að nota dreifingarlista og rafrænan póst eða aðra tækni fyrir magndreifingu auglýsinga án samþykkis viðtakenda. Þetta er almennt kallað ruslpóstur eða spam á máli internetsins.

2. Notandi lofar að viðhalda réttu netfangi sínu og símanúmeri hjá þjónustuaðila svo hafa meg samband við hann varðandi þjónustuna eða gjöld eða annað.

3. Notandi samþykkir að verða við óskum þjónustuaðila varðandi beitingu tóla er kunna að trufla þjónustu til annarra notenda.

F. SKILMÁLAR SAMNINGS OG SAMNINGSSLIT

Þessi samningur gildir upphaflega í minnst einn mánuð en framlengist síðan sjálfkrafa um einn mánuð í senn eða þar til annarhvor aðili segir honum upp. Uppsögn má fara fram með tölvupósti frá netfangi sem sannanlega er í eigu viðkomandi. Komi til uppsögn fyrir tímabil sem notandi hefur greitt fyrir á hann rétt á endurgreiðslu hafi hann ekki brotið á þjónustuaðila eða skilmálum þessa samnings. Uppsögn skal berast minnst 7 dögum fyrir mánaðarmót ella áskilur þjónustuaðili sér rétt til að rukka fullt áskriftargjald fyrir komandi mánuð.

G. ÖRYGGI

Notandi samþykkir að reyna ekki að grafa undan eða skaða vefþjóna, netþjóna, viðskiptavini eða hagsmuni þjónustuaðila. Slíkt mun leiða til lokunar á þjónustu án fyrirvara og lögsóknar ef tilefnið telst alvarlegt og vísvitandi.

H. UMFANG SAMNINGS

1. Samning þennan skal halda í heiðri gagnvart öllum undirlénum notanda, þjónustuaðila og vefþjónum þjónustuaðila.
2. Þjónustuaðili áskilur sér rétt til að breyta og bæta við skilmála þessa samnings án frekari fyrirvara.

[Ég hef lesið skilmálana og samþykki þá án fyrirvara](#)